

Kirkjuþing 2020-2021.

23. mál-þskj. 67

Nefndarálit
við tillögu til þingsályktunar um verkáætlun vegna umhirðu
jarða þjóðkirkjunnar 2021-2031.

Frá fjárhagsnefnd.
Frsm. Gísli Jónasson.

Fjárhagsnefnd hefur fjallað um málið.

Málið er lagt fram af kirkjuráði og fjallar um verkáætlun fyrir umhirðu jarða þjóðkirkjunnar 2021-2031. Þetta mál er framhald 22. máls kirkjuþings 2019 þar sem kirkjuþing samþykkti þingsályktun um úttekt á prestssetra- og kirkjujörðum vegna endurheimtar votlendis og skógræktar. Kirkjuþing ályktaði þá að þegar yrði hafist handa við að gera úttekt á því hvaða jarðnæði í eigu þjóðkirkjunnar geti hentað til skógræktar í stórum stíl sem og til endurheimtar votlendis. Verkáætlunin, sem þetta mál fjallar um, er því framhald af þeirri samþykkt kirkjuþings.

Í greinargerð með málinu kemur fram að umhverfisnefndin lagði til að ábyrgð á framkvæmdum væri á hendi kirkjuráðs og að lagðar yrðu 20 milljónir á ári til verkefnisins til að standa undir kaupum á ráðgjöf og greiningu á landi, auk heldur til skógræktar (sala á kolefnisbindingu).

Fjárhagsnefnd hefur nú borist ný fjárhagsáætlun, dags 26. september 2020, frá umhverfishópi þjóðkirkjunnar, sem vann málið fyrir kirkjuráð, þar sem fallið er frá því að óska eftir kr. 20 milljónum á ári en í stað þess óskað eftir 5,1 milljón til verkefnisins á árinu 2021. Einnig hafa nefndinni borist athugasemdir frá umhverfishópi þjóðkirkjunnar þar sem gerð er nánari grein fyrir verkefninu, þýðingu þess og áætlun um hvernig það verði unnið. Hér er um að ræða tvö dagskrármál hjá kirkjunni næstu tvö árin, þ.e. umhverfismálin og skírnarskógamálin. Umhverfismálin eru einnig eitt af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna núna og ljóst að þjóðkirkjan getur ekki staðið hjá þegar um er að ræða málefni eins og loftslagsmálin sem varða heimsbyggðina alla.

Fjárhagsnefnd leggur áherslu á að við vinnslu verkefnisins verði haft samráð við prófastsdæmin um framkvæmd þess í stað þess að kalla eingöngu til sérfræðinga.

Fjárhagsnefnd telur rétt að umbeðnir fjármunir verði lagðir til verkefnisins á árinu 2021 en leggur mikla áhersla á að skýrslu verði skilað til kirkjuþings 2021 um framvindu verkefnisins og hvernig fjármunir sem lagðir eru til þess hafi verið nýttir.

Fjárhagsnefnd leggur til að kirkjuþing samþykki málið á þingskjali 23 með þingsályktun á sérstöku skjali nr. 68

Fylgiskjal#2 Fjárhagsáætlun dags 26.9.2020 vegna umhirðu jarðnæðis þjóðkirkjunnar til loftslagsávinninga vegna bindingu kolefnis.

Fylgiskjal#3 framkvæmdaáætlun dags 22.10.2020 vegna umhirðu jarðnæðis þjóðkirkjunnar til loftslagsávinninga vegna bindingu kolefnis.

Reykjavík 5. nóvember 2020.

Gísli Jónasson, formaður.

Einar Már Sigurðarson.

Gísli Gunnarsson.

Gunnlaugur Garðarsson.

Hermann Ragnar Jónsson.

Hreinn Hákonarson.

Svana Helen Björnsdóttir, varaformaður.

Þorkell Heiðarsson.